



UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fyrirkomulag ráðninga

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 20. febrúar 2023, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að verklag við ráðningar æðstu stjórnenda í borgarreknum grunn- og leikskólum verði tekið til endurskoðunar, m.a. í því skyni að auka gegnsæi með hvaða hætti stöður eru auglýstar, hverjir sækja um slíkar stöður og með hvaða hætti upplýsingar séu veittar kjörnum fulltrúum um ráðningar í slíkar stöður.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Nú er unnið að uppfærðu verklagi um ráðningar í samráði við mannauðs- og starfsumhverfissvið Reykjavíkurborgar.

Í þeirri vinnu mun meðal annars felast rýning á því hver mun vera ráðningaraðili leik- og grunnskólastjórnenda. Í dag er sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs ráðningaraðili leik- og grunnskólastjóra, sbr. a. og b.-lið 2. gr. viðauka 2.6 í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. Kynnir hann skóla- og frístundaráði ákvörðun um ráðningu á formi embættisafgreiðslu, sbr. 3. gr. framangreinds viðauka í framangreindri samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Einnig mun fyrrgreind endurskoðun taka til fyrirkomulags í tengslum við birtingu nafna umsækjenda um störf. Verklagið hefur verið það að óski aðilar eftir upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda um starf er orðið við þeim beiðnum á grundvelli 1. töluliðar 2. mgr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 en þær upplýsingar hafa að meginstefnu til ekki verið birtar opinberlega að frumkvæði borgarinnar. Telur skóla- og frístundasvið æskilegt að samræmd stefna sé um slíkt þvert á svið borgarinnar.